



FUNDARGERÐ
29. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , 8. september 2020
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, Sveitarstjóri.

Elín Grétarsdóttir áheyrnarfulltrúi boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs 2020 - 2001020

Yfirlit janúar-júlí

Klara Viðarsdóttir kynnti rekstraryfirlit janúar-júlí.

2. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags - 2009009

Erindi frá Reykjavíkurborg.

Fært í trúnaðarmálabók.

3. Mannauðsmál skólanna - 1610046

Erindi frá Heklukoti um heilsurækt; aðstaða starfsmanna Laugalandi.

3.1 Starfsmannaaðstaða

Komið hefur fram hugmynd um að nýta kjallaraíbúð skólastjórahússins á Laugalandi sem starfsmannaaðstöðu fyrir leikskólann í vetur. Stjórn Húsakynna telur að slík nýting væri að mörgu leyti heppileg. Íbúðin er laus þannig að þetta getur gengið og leikskólastjóri telur þetta ágætlega ástættanlega lausn. Ljóst er að endurskoða þarf fjárhagsáætlun ársins vegna m.a. launabreytinga og er kostnaðarauka vegna þessa vísað til þeirrar vinnu.

Samþykkt samhljóða.

3.2 Erindi um heilsurækt frá Heklukoti.

Stjórn Odda bs fagnar því að starfsfólk vilji nýta sér þau tækifæri sem bjóðast til heilsuræktar. Í samningi við Laugar ehf sem rekur hina nýju WorldClass stöð á Hellu kemur fram að starfsfólk sveitarfélagsins nýtur 20% afsláttar.

4. Átak til eflingar leikskólastigsins - 1601023

Nýtt fagnám í leikskólafræðum

Stjórn Odda bs lýsir yfir mikilli ánægju með hið nýja fagnám í leikskólafræðum skuli vera farið af stað. Lagt fram til kynningar.

(B)

5. Skóladagatöl 2020-2021 - 2004025

Menntadagurinn féll niður vegna COVID.

Lagt fram til kynningar.

Fundargerðin yfirlesin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:25.


Björk Grétarsdóttir


Haraldur Eiríksson


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Asta Berghildur Ólafsdóttir



